

Fundargerð 1. fundar stýrihóps um endurskoðun skólastefnu

Fundardagur: 15. janúar 2015.
Fundarupphaf: Kl. 15.
Staðsetning: Bæjarráðssalur, Strandgötu 6.

Mætt: Kjörnir fulltrúar fræðsluráðs, þau Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir, Hörður Svavarsson og Kristinn Andersen (kom kl. 15.40), auk starfsmanna fræðsluþjónustunnar, þau Magnús Baldursson sviðsstjóri, Jenný D. Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla og Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi grunnskóla.

Fyrsti fundur stýrihóps um endurskoðun skólastefnu skv. erindisbréfi fræðsluráðs frá Vigfús tilnefndur ritari hópsins.

Fyrir fundinn höfðu verið send út gögn, m.a. fyrsta efnið í drög að skólastefnu sem síðasti stýrihópur hafði unnið/fengið.

Mál sem voru rædd á fundinum:

1. mál: **Kynning á stöðu skólastefnuvinnu.**

Starfsfólk Skólaskrifstofu kynnti vinnu sem fyrri stýrihópur um skólastefnu hafði unnið að á síðasta kjörtímabili en sá hópur hét þrjá fundi og hittist síðast 21. febrúar 2013. Frá Skólaskrifstofu komu fyrstu drög í endurskoðaða skólastefnu þess hóps í mars 2013 en engin afstaða hafði verið tekin til þeirra tillagna.

Kynnt voru meginsjónarmiðin sem höfðu verið í umræðunni í fyrra stýrihópi. Meðal annars kynnt plögg frá fyrri vinnu:

- Skólastefnur sveitarfélaga. Tilraun til greiningar á innihaldi og vinnubrögðum.
- Fyrstu drög að endurskoðun skólastefnu frá síðasta starfshópi (frá mars 2013) og skýringamyndir hennar.

Kjörnir fulltrúar ætla að kynna sér skólastefnur annarra sveitarfélaga og skoða fyrir næsta fund, m.a. til að skoða hvort nýta eigi fyrirleggjandi vinnu eða hefja nýja útfærslu í þessum hópi.

2. mál: **Önnur mál.**

Önnur mál sem voru rædd á fundinum:

- a. Óskað var efnir að fá send öll gögn, t.d. fundargerðir, fyrri starfshóps sem fyrir liggja.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 29. janúar nk. kl. 15-16.30 á sama stað.

Fundarslit kl. 16.30.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson